



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 133/1189

komudagur 22.2.2007

Alþingi
Nefndarsvið
150

Reykjavík, 22. febrúar 2007
Tilvísun: 200702-0049

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, mál nr. 561.

Alþýðusambandinu hefur borist ofangreind mál til umsagnar. Fyrir utan 2. gr. frumvarpsins snýst þetta mál um að koma á og viðhalda samnorrænu sérréttindakerfi ríkisstarfsmanna. Annars vegar á að heimila þeim einstaklingum, sem verið hafa starfsmenn ríkisins og fara til starfa á vegum alþjóðastofnana, heimild til þess að greiða áfram til B-deildar með ábyrgð ríkisins á réttindum. Væntanlega verður sambærileg regla látin gilda varðandi réttindi alþingismanna og ráðherra, sem nú hvíla beint á ríkissjóði eftir að lífeyrissjóðir þeirra voru lagðir niður. Samkvæmt þessu frumvarpi stendur t.d. ekki til að veita einstaklingum, sem koma úr öðrum störfum og fara til vinnu í alþjóðastofnunum sem við eigum aðild að, sambærileg réttindi.

Hins vegar er verð að setja í lög ákvæði samkomulags, sem ríkisstjórnin undirritaði árið 2001 (og ekki er ljóst hvort þegar er farið að framkvæma þær skuldbindingar sem leiða af samkomulaginu) þar sem mynduð er sérstök norræn samtrygging um þau sérréttindi sem ríkisstarfsmenn þessara landa njóta umfram aðra landsmenn. Eins og alþingismönnum er kunnugt um, eru núverandi sérréttindi ríkisstarfsmanna (þ.m.t. alþingismanna og ráðherra) ættuð frá þessum embættismannaréttindum sem mótuð voru í upphafi síðustu aldar.

Af skiljanlegum ástæðum mótmælir ASÍ þessu frumvarpi, að 2. gr. frátalinni, og leggst gegn samþykkt þess.

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson
Framkvæmdastjóri ASÍ

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 133/1149
komudagur 21.2.2007

Alþingi
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

20. febrúar 2007
Tilvísun: 2007020065

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.


Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 16. febrúar 2007, þar sem Efnahags- og viðskiptanefnd óskar eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 561. mál, ríkisstarfsmenn hjá alþjóðlegum stofnunum.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Kristín A. Birgisdóttir



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

Alþingi
Erindi nr. P 133/1241
komudagur 27.2.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2007

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 561. mál.

Landssamtök lífeyrissjóða styðja umrætt frumvarp um breytingu á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins. Í þeirri afstöðu samtakanna er þó rétt að fram komi að Landssamtök lífeyrissjóða taka ekki efnislega afstöðu til 2. greinar frumvarpsins þess efnis að iðgjaldaprósenta sveitarfélaga vegna starfsmanna grunnskóla hækki ekki frá því sem áður var samið um, þótt mótframlag vinnuveitenda hafi almennt verið hækkað úr 6% í 8%.

Með bestum kveðjum
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



LÍFEYRISSJÓÐUR
STARFSMANNA
SVEITARFÉLAGA

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1186
komudagur 23.2.2007

Reykjavík 21. febrúar 2007


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Umsögn um 561. mál,
frumvarp til laga um breytingu á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.**

Með bréfi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 16. þessa mánaðar er óskað
umsagnar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á ofangreindum lögum.

Fyrirhugaðar breytingar varða eingöngu ríkisstarfsmenn en ekki starfsmenn sveitarfélaga
og eru því ekki gerðar neinar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,


Jón G. Kristjánsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 133/1214
komudagur 26.2.2007



LSR
LÍFEYRISSJÓÐUR
STARFSMANNA RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2007

**Umsögn frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) um mál nr. 561 á 133.
lögjafarþingi, frumvarp til laga um breyting á lögum er varða lífeyrisréttindi
starfsmanna ríkisins.**

Háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd hefur með bréfi, dags. 16. febrúar sl., beðið LSR um umsögn um framangreint mál.

Athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins

Með 1. gr. frumvarpsins er ætlunin að veita stjórn LSR heimild með samþykki fjármálaráðherra rétt til að veita starfsmönnum alþjóðastofnana aðild að sjóðnum. LSR tekur ekki efnislega afstöðu til greinarinnar en telur þó æskilegt að í lagagreininni sé upptalin þau skilyrði sem uppfylla ber til að heimildinni verði beitt. Í greininni er tekið sérstaklega fram að stjórn LSR skuli nánar kveða á um aðild skv. þessari lagagrein í samþykktum sjóðsins. Í 7. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 er almennt ákvæði þar sem fram kemur að stjórn sjóðsins setji samþykktir í samræmi við lög sjóðsins og ákvæði annarra laga um lífeyrissjóði. Í því ljósi vakna spurningar um hvort síðasti mál. 1. gr. frumvarpsins sé ekki óþarfur.

Athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins

Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til lækkun á svokallaðri kennaraviðbót sem sveitarfélög hafa greitt til LSR sem viðbótariðgjald og ætlað það hlutverk að vera samtíma iðgjald til greiðslu á lífeyrisskuldbindingum. Tilkomu þessa ákvæðis má rekja til þess að með lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, voru verkefni grunnskólans flutt frá ríki til sveitarfélaganna. Með lögum nr. 141/1996 sem síðar voru endurútgefin sem lög nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins voru verulegar breytingar gerðar á lögum um sjóðinn. Í 2. mgr. 34. gr. laganna er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin greiði samtímaiðgjald sem þá var ákvarðað 9,5% til að standa undir greiðslum vegna lífeyrishækkana skv. 1. mgr. sömu greinar.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að iðgjaldið lækki úr 9,5% í 7,5% og það rökstutt í greinargerð m.a. með því að heildariðgjald hafi hækkað úr 15,5% í 17,5% með tilkomu hækkunar á móttframlægi launagreiðaanda í B-deild með lögum nr. 167/2006. Í

greinargerðinni segir að viðbótarframlag byggi á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjufærslu vegna flutnings grunnskólanna til sveitarfélaganna.

LSR telur rétt að fram komi að forsendur að baki hækkun á mótframlagi launagreiðanda til B-deildar með lögum nr. 167/2006 eru hinar sömu og leiddu til hækkunar á mótframlagi til annarra lífeyrissjóða. Þar ber helst að nefna hækkandi örorkubyrði og aukin lífaldur. eru það aðrar og ólíkar forsendur en liggja að baki viðbótariðgjaldi sem samið var um milli ríkisins og sveitarfélaga við flutning á grunnskólum til sveitarfélaganna á árinu 1996. Viðbótarframlagi kennara er ætlað að standa undir lífeyrishækkunum skv. 1. mgr. 34. gr. og þótt forsendur breytist er viðkoma almennri iðgjaldþörf s.s. vegna lífaldurs og örorkubyrði þá er slíkt ótengt lífeyrishækkunum.


Sú lækkun á viðbótarframlagi sem lögð er til með 2. gr. frumvarpsins hefði þýtt 1,7 milljarð lægri eignir sjóðsins í dag væri reiknað með 7,5% viðbótarframlagi í stað 9,5%, frá árinu 1997-2006. Ef aðeins væri litið til iðgjaldagreiðslna á árinu 2006 hefði lægra iðgjald haft í för með sér u.þ.b. 100 milljónir lægri eignastöðu sjóðsins og samsvarandi hækkun á bakabyrgð ríkissjóðs. Tekið skal fram að heildariðgjaldþörf vegna kennara þyrfti að vera nærri 30% ef ætlunin væri að standa undir lífeyrisskuldbindingum með samtímagreiðslum til sjóðsins. Þær forsendur sem liggja að baki hækkun á almennu iðgjaldi til lífeyrissjóða eru óskyldar þeim forsendum sem liggja að baki samningi ríkisins og sveitarfélaga um greiðslu á viðbótariðgjaldi.

Þar sem í frumvarpinu er lögð til lækkun á iðgjaldi skv. 2. mgr. 34. gr. þykir rétt að áreita að núverandi viðbótariðgjald stendur ekki undir greiðslu á samtíma lífeyrisskuldbindingum og því kann að vera ástæða til að endurskoða það samkomulag sem þar lá að baki. Ástæður hækkunar á mótframlagi launagreiðanda sem lögfestar voru með lögum nr. 167/2006 eru byggðar á öðrum grunni en viðbótariðgjald kennara og skólastjórnenda og ættu þær breytingar því ekki einar og sér að leiða til lækkunar á iðgjaldi skv. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 1/1997.

Athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins

LSR gerir ekki athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins þar sem fjármálaráðherra er veitt lagaheimild til að setja reglur til að framfylgja samkomulagi Norðurlandanna frá 1. júní 2001 um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna.

Virðingarfyllst,
f.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins


Þórey S. Þórhardóttir, forstöðumaður réttindamála

Alþingi
Erindi nr. P 133/1382
komudagur 13.3.2007



Nefndarsvið Alþingis,
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2007

Efni: Mál nr. 561 á 133. löggjafarþingi.

Í gær var mætt að hálfu LSR fyrir háttvirta efnahags- og viðskiptanefnd vegna ofangreinds máls. Nokkrar fyrirspurnir komu fram er viðkomu 2. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til lækkun á iðgjaldi sveitarfélaga vegna kennara, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga um Lífeyrissjóð starfamanna ríkisins nr. 1/1997.

Eins og fram kemur í umsögn LSR um málið dags. 22. febrúar sl. þá hefur viðbótariðgjald sem greitt hefur verið skv. 2. mgr. 34. gr. laganna ekki dugað til að standa undir samtíma skuldbindingum B-deildar vegna kennara. Á umræddum fundi efnahags- og viðskiptanefndar kom fram beiðni um nánari tölulegar upplýsingar er viðkoma lífeyrisskuldbindingum kennara og skólastjórnenda frá því grunnskólarnir fluttust frá ríki til sveitarfélaga sem fram fór þann 1. ágúst 1996. Hér verður stuttlega gerð grein fyrir þróun á skuldbindingum B-deildar vegna grunnskólakennara fram til ársloka 2005. Útreikningur á skuldbindingum sjóðsins fyrir árið 2006 liggur ekki fyrir.

Sveitarfélögin hafa fram til ársloka 2005 greitt eftirfarandi fjárhæðir í iðgjöld til B-deildar:

	Lögbundið 10% iðgjald	9,5% viðbótar- iðgjald	Samtals	Vaxta- og verðbóta uppfærsla	Samtals með uppfærslu	Uppæfnuð uppfærð iðgjöld í lok hvers árs
Frá 01.08.1996	188	0	188	1	189	189
Árið 1997	411	391	802	42	844	1.033
Árið 1998	340	323	662	95	757	1.790
Árið 1999	344	326	670	266	936	2.726
Árið 2000	345	328	673	185	858	3.584
Árið 2001	424	403	826	352	1.178	4.763
Árið 2002	504	478	982	61	1.043	5.805
Árið 2003	497	473	970	813	1.783	7.589
Árið 2004	459	436	896	1.068	1.964	9.553
Árið 2005	514	488	1.001	1.859	2.861	12.413
	4.026	3.645	7.671	4.742	12.413	

Ofangreind iðgjöld eru uppfærð með hreinni raunávöxtun B-deildar sjóðsins og vísitölu neysluverðs til ársloka 2005 og eru þá iðgjöldin 12.413 millj. kr..

Hjálögð er árskýrsla LSR fyrir árið 2005 og á bls. 33 má sjá að áfallnar lífeyrisskuldbindingar sjóðsins vegna réttindaávinnslu grunnskólakennara eftir 1. ágúst 1996 reiknuðust samtals 13.368 millj. kr. Skuldbinding var því 955 millj. kr. umfram uppfærð greidd iðgjöld.

Því markmiði að fullnusta lífeyrisskuldbindingum með samtímagreiðslum hefur ekki náðst en það að staðan sé ekki verri en raun ber vitni má fyrst og fremst þakka verulega góðri ávöxtun á eignum sjóðsins undanfarin ár. Hins vegar ef iðgjöldin væru uppreiknuð m.v. 3,5% raunaávöxtun, sem eru hinar almennu tryggingafræðilegu forsendur, væri skuldbindingin 2.750 millj. kr. umfram uppfærð greidd heildariðgjöld.


Rétt er að benda á nokkur atriði sem hafa áhrif á framangreind útreikninga varðandi skuldbindingar sjóðsins vegna grunnskólakennara frá 1. ágúst 1996 til ársloka 2005. Í fjárhæðinni 13.368 millj. kr. er ekki tekið tillit grunnskólakennara sem hafa hafið töku lífeyris. Áætla má skuldbindingu grunnskólakennara á lífeyri, vegna réttinda sem áunnin voru eftir 01.08.1996, á rúmlega 2 millj. króna.

Áfallin skuldbinding sjóðanna í lok hvers árs er samansett af núvirtum áætluðum lífeyrisgreiðslum í framtíðinni. Skuldbindingin í lok ársins 2005 tekur því ekki tillit til þeirra lífeyrisgreiðslna sem þegar hafa átt sér stað úr sjóðnum til grunnskólakennara vegna réttinda sem voru áunnin eftir 01.08.1996. Né heldur tekur skuldbindingin til þeirra lífeyrishækkana sem ríkissjóður hefur greitt inn í sjóðinn vegna framangreindra réttinda.

Þegar kennaraviðbót var reiknuð á árinu 1996 var hún ákveðin 9,5% þar sem heildariðgjaldþörfin reiknaðist 19,5%. Iðgjaldþörf í árslok 2005 var reiknuð 28% af tryggingastærðfræðingi sjóðsins. Samkvæmt þeim forsendum hefði kennaraviðbót átt að ákvarðast 18% væri ætlunin að fullnusta skuldbindingunum með samtímagreiðslum. Helstu orsakir þessarar hækkunar á iðgjaldþörf eru auknar lífslíkur, aukin örorkubyrði og hærri meðalaldur sjóðfélaga í B-deild en þar er engin nýliðun enda lokaður sjóður.

Sé óskað frekari skýringa verða þær fúslega veittar.

Virðingarfyllst,



Þorkell Sigurgeirsson, skrifstofu og fjármálastjóri

Hjálagt:

1. Árskýrsla LSR fyrir árið 2005.

Alþingi
Erindi nr. P 133/1230
komudagur 26.2.2007

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, nefndarsvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. febrúar 2007 02-2007020546
T-ums 04/07

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins. 561. mál.


Ríkisskattstjóri hefur þann 19.febrúar sl móttengið bréf yðar dagsett 16. febrúar s.á. með beiðni um umsögn varðandi ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins. Breytingarnar vita annars vegar að því að tryggja lífeyrisrétt þeirra ríkisstarfsmanna sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða annars staðar á Norðurlöndum. Hins vegar er lagt til að leiðrétt verði mótframlag sveitarfélaga til sjóðanna vegna starfsmanna grunnskóla . Ríkisskattstjóri hefur nokkuð viðamiklu eftirlitshlutverki að gegna varðandi iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða og skil á þeim.

Skattareglur varðandi frádrátt vegna greiddra iðgjalda eru í föstum skorðum sbr. Ákvæði 1.málsgr. 30.gr laga nr 90/003 um tekjuskatt . En reglur varðandi skattskyldu og skattlagningu greidds lífeyris til erlendis búsettra eru nokkuð sérstaks eðlis en almenna reglan er sú að slíkar greiðslur eru skattskyldar héraendis en veittur er venjulegur persónuafsláttur til mótreiknings á reiknuðum skatti.

Frumvarp það sem hér um ræðir gefur að öðru leyti ekki tilefni til athugasemda af hálfu ríkisskattstjóra.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra



Steinþór Haraldsson



Alþingi
Erindi nr. P 133/1213
komudagur 26.2.2007


22. febrúar 2007
SI-32568


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 16. febrúar 2007 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 561. mál, ríkisstarfsmenn hjá alþjóðlegum stofnunum.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið og styður samþykkt þess.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Eiríkur Guðnason
bankastjóri


Ingimundur Friðriksson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 133/1443
komudagur 5.3/2007

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2007

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins (561. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem leggur til nokkrar breytingar á lögum um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllt,


 Davíð Þorláksson
 Lögfróðingur Viðskiptaráðs
 ICELAND CHAMBER OF COMMERCE